

Styrktarsjóður Menntaskólans við Sund

Samþykktir

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Menntaskólans við Sund.
2. Heimili og varnarþing er Menntaskólinn við Sund.
3. Stofnfé sjóðsins er gjöf frá nemendum sem útskrifuðust frá skólanum árið 1989. Öllum er frjálst að leggja sjóðnum fé og skal sérstaklega benda fyrrum nemendum á hann sem vilja leggja skólanum lið.
4. Tilgangur sjóðsins er að styðja fjárhagslega við nemendur sem standa sig í námi en eiga erfitt með að stunda nám vegna slæmra fjárhagsaðstæðna, t.d. vegna veikinda, félagslegra aðstæðna, slyss eða annars sem hefur neikvæð áhrif á nám nemanda. Ekki skal nýta fjármuni sjóðsins í annað.
5. Fjármunirnir eru geymdir á bankareikningi í nafni skólans og undir kennitölu hans. Prókuruhafi er rektor skólans.
6. Þriggja manna stjórn sjóðsins skal skipuð rektor, konrektor og yfirmanni námsráðgjafar skólans.
7. Stjórn úthlutar úr sjóðnum eftir þörfum og ákveður þær upphæðir sem úthlutað er. Úthlutanir úr sjóðnum eiga ekki að vera opinberar, enda getur verið viðkvæmt fyrir fólk að þiggja fjárhagsaðstoð út af áföllum. Ekki er nauðsynlegt að úthluta úr sjóðnum árlega eða með reglulegum hætti. Úthlutanir fara eftir fjárhagsstöðu sjóðsins. Ef sjóðurinn verður lítill, þá tæmist hann jafnvel fljótt. Stjórn getur ákveðið úthlutunarviðmið til að auðvelda ákvarðanir, t.d. gætu verið viðmið um þrjár upphæðir sem úthlutað er þannig að stjórnin meti hvert tilvik og ákveði hvort viðkomandi fái upphæð a, b eða c. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur geti sótt um fjármuni úr sjóðnum heldur er frumkvæðið alfarið hjá stjórn sjóðsins. Það kemur í veg fyrir óraunhæfar væntingar nemenda og flókna vinnu stjórnar. Þetta er öryggissjóður sem nýtist ef og þegar stjórn metur að þörf sé á.
8. Til að meta árangur sjóðsins tekur stjórn saman minnisblað í lok hvers rekstrarárs skólans með helstu kennitölum, t.d. rekstrarreikning, hversu margir fengu styrk, hver var hæsta fjárhæðin, megintilgangur styrkja, auk stöðu sjóðsins. Möguleg ávöxtun sjóðsins rennur í sjóðinn sjálfan. Tveir eru skoðunarmenn reikninga, annar skipaður af skólanum og hinn af útskriftarárgangi 1989. Engin yfirbygging er á sjóðnum að öðru leyti og kostnaður er einungis möguleg færslugjöld í banka.
9. Stjórn getur ákveðið að leggja sjóðinn niður og skulu fjármunir hans þá renna til Landsbjargar.

Hetill B Magnússon

Reykjavík, 28. September 2019

Helgi Bjarnason

Sigurður Ólafsson